

112 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu kirkjujarð-**
 5. oktbr. **arinnar Litlu-Heiði.** Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi, dagsettu 20. júlí þ. á., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Litlu-Heiði í Hvammshreppi, sem heyrir undir Mýrdalsþingaprestakall í Vesturskaptafellsprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 900 kr., með því skilyrði, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að $\frac{1}{10}$ árlegra vaxta leggjist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bændaeign að því er skatta og skyldur áhrærir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að ef höfuðstólnum, sem að svo miklu leyti sem unnt er verður að ávaxta með eigi lægri rentu en 4^o/_o, verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

113 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð-**
 5. oktbr. **inni Miðdalagröf.** Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir með brjefi dagsettu 20. júlí þ. á. skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Miðdalagröf í Kirkjubólshreppi, sem heyrir undir Prestsbakkaprestakall í Strandaprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 1200 kr., með því skilyrði, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, að 2 kr. árlegra vaxta leggjist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bændaeign að því er skatta og skyldur áhrærir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að ef höfuðstólnum, sem að svo miklu leyti sem unnt er verður að ávaxta með eigi lægri rentu en 4^o/_o, verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.

114 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt-**
 29. oktbr. **inu um sveitfesti þurfaings.** Með brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi hinum forna, þar sem hún áfrýjar til min úrskurði yðar, dagsettum 10. desbr. f. á.,